

Stjórnarfundur 30/01/2022.

Haldinn rafrænt á Zoom.

Mætt: Bergrún Stefánsdóttir (BS), Magnús Ingólfsson (MI), Kara Arngrímsdóttir (KA), Ólafur Már Hreinsson (ÓMH), Atli Már Sigurðsson (AMS), Ragnar Sverrisson (RS).

Boðuð forföll: Jóhann Gunnar Arnarsson (JGA).

1. RIG 2022.

Kept verður á laugardegi og verður skipt upp í sóttvarnarhólf til að takmarka fjölda í húsi hverju sinni.

Úrslit í Unglingum 2 standard ásamt landakeppni verður í útsendingu.

Rætt um að fá Hönnu og Nikita til að sýna á mótinu.

Skipta þarf lið 47 Fullorðnum latin upp í 2 heat þar sem 15 pör eru skráð til keppni.

Liður 52 verður ekki verðlaunaafhending heldur eingöngu hlé.

Talað um að fá Jóhann Gunnar til að velja barnaflokk til að sýna í útsendingu.

2. Afreksstjóri.

Haldinn var fundur með einum umsækjanda sem kom vel út, óskað verður eftir meðmælum og boðuður annar fundur ásamt Aðalsteini og verður tekin ákvörðun í framhaldi af því.

3. Erindi DÍH.

Atli sendir erindi á stjórnarmenn varðandi landsliðsskipulag og framhaldið með ráðningu afreksstjóra.

4. Fundargerð mótanefndar.

Fundargerð mótanefndar yfirfarin og rædd.

Sökum vandamála með húsnæði fyrir febrúarmótið var tekin ákvörðun að taka Fagralund á laugardegi og halda mótið á einum degi í þetta skiptið. BS mun senda tilkynningu til formanna um þessa ákvörðun.

Mótanefnd ræddi að auka þurfi við mannskap í uppsetningu og niðurtækt móta.

Einnig er rætt um að fjölga þurfi keppnisstjórum og dómurum í spora og klæðæftirlit.

Nauðsynlegt er að hafa starfandi mótanefnd.

5. Önnur mál.

A) Rætt um að klára mál er snýr að samstarfssamningi við HR.

MI og KA ganga í það að klára þennan samning.

MI mun hafa samband við Aðalstein varðandi þetta mál og fá hann með.

B) Minnt á að klára þarf regluverk fyrir Bikarkeppni félaga DSÍ.

BS ýtir á Ellen til að fá hugmyndir um reglur.

C) Bent á misræmi á heimasíðu DSÍ varðandi komandi mót og mun BS ganga í að laga það.

D) Óskað er eftir því að tekin verði saman betri greinargerð um kostnað vegna móta.

E) Umræða skapaðist um keppnisgjöld og þarf að fara í þær umræður betur um hvort breyta þurfi gjöldum.

F) BS opnar á umræðu að hún og KA hafi fengið símtal um málefni og sent verði erindi til stjórnar um málið og stjórnarmenn beðnir að vera vakandi yfir því þar sem gæti þurft að kalla til stjórnarfundar með stuttum fyrirvara.

Næsti fundur áætlaður
á Zoom
Föstudaginn 18. febrúar kl. 12:00

Þannig fram farið.

Magnús Ingólfsson Ritari.